

Málskostnað skal kærði, Hjalti Benónýsson, greiða kæranda með kr. 20.00 — tuttugu krónum —.

Dóminum að (svo) fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 11. marz 1940.

Nr. 17/1939. **Alfred Nielsen** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Camillu Petersen

(Einar B. Guðmundsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er uppkveðinn af fulltrúa lögmannsins í Reykjavík Kristjáni Kristjánssyni.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1939, krefst þess, að úrslit þess verði látin velta á eiði sínum og að honum verði dæmdur málskostnaður af stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda, sem fengið hefir gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, krefst þess hinsvegar, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Rannsókn á blóði aðilja og barns stefndu hefir farið fram með þeim lyktum, að áfrýjandi getur verið faðir barnsins.

Hér fyrir dómi hefir það verið leitt í ljós, að vitnið Margrét Olga Einarsdóttir var frá 27. maí til 25. júní 1937 vinnukona á Grund við Langholtsveg í námunda við Undraland.

Í máli þessu hafa að vísu komið fram nokkrar

likur gegn því, að samfundur aðilja, sá er í héraðsdóminum getur, hafi farið fram 13. júní 1937, en hinsvegar bendir vitni þeirra Margrétar Olgu og Niels Nielssonar eindregið til þess, að nefndur samfundur hafi orðið á getnaðartíma barnsins. Að svo vöxnu máli þykir samkvæmt 213. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að láta úrslit málsins velta á eiði stefndu, þannig að ef hún vinnur eftir lögmætan undirbúning á lögmæltu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa eið að því, að hún hafi haft holdlegt samræði við áfrýjanda á tímabilinu frá 5. maí til 16. júlí 1937, að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann talinn faðir að barni því, er hún ól 12. marz 1938, enda greiði hann þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsurð eftir úrskurði yfirvalds. Þá skal og áfrýjandi greiða stefndu málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 250.00.

Fallist stefnda á eiðnum, þá á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði hún honum þá samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu, kr. 120.00, greiðast úr rikissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnda, Camilla Petersen, vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 5. maí til og með 16. júlí 1937 haft holdlegar samfarir við áfrýjanda, Alfred Nielsen, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem stefnda

ól þann 12. marz 1938, enda greiði áfrýjandi þá meðlag með barninu og stefndu barnsfarakostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds. Ef stefnda vinnur eiðinn, þá greiði áfrýjandi henni samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Fallist stefnda á eiðnum, á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún honum þá samtals kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Þá skal og málflutningsþóknun talsmanns stefndu, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. des. 1938.

Þann 12. marz þ. á. ógift stúlka að nafni Camilla Petersen, til heimilis á Öldugötu 44 hér í bænum, fullburða sveinbarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Alfred Nielsen, til heimilis á Bárugötu 18 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta eftir ósk barnsmóður höfðað gegn honum, og hefir hún gert þær réttarkröfur, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því og barnsfarakostnað til sín svo og styrk fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað að skaðlausu.

Kærandi og kærður eru sammála um það, að þau hafi kynnt fyrir nokkrum árum og að þau kvöld eitt 1937 hafi hitzt niður í bæ ásamt þeim Niels Nielssyni, bifreiðarstjóra, og stúlku að nafni Margréti Olgu Einarsdóttur. Hefir kærandi haldið því fram, að þetta hafi verið 13.

júni f. á., en kærður hefir hinsvegar haldið því fram, að það hafi verið 29. marz f. á. eða á annan í páskum. Að öðru leyti eru aðiljar sammála um það, að þau ásamt hinum tveimur hafi farið heim til kærðs og dvalið þar, að því er kærður hefir upplýst, á að gizka 1—1½ klukkutíma. Þá eru þau sammála um það, að þau hafi vikið út úr herberginu, og heldur kærður því fram, að hann hafi aðeins vísað kæranda á „toiletlið“, en man ekki, hvort hann sýndi henni líka páfagauka, sem eru í húsinu, en kærandi heldur því fram, að þau hafi farið inn í annað herbergi og þar hafi þau haft holdlegar samfarir og við þær samfarir sé barn þetta getið.

Við vitnaleiðslu þá, er fram hefir farið í málinu, verður helzt að ætla, að þessir samfundir kæranda og kærðs hafi átt sér stað á tímabilinu frá 14. maí til 16. eða 17. júní f. á., og byggist það á þeirri staðreynd, að aðeins þann tíma er vitnið Margrét Olga Einarsdóttir vinnukona á Undralandi, en samkv. samhljóða framburði hennar og vitnisins Nielsar Nielssonar ók hann henni þangað eftir dvöl þeirra hjá kærðum, og verður því í því tilfelli að ætla, að kærandi hafi réttara fyrir sér en kærður. Hinsvegar verður ekki talið sannað gegn eindregnum mótmælum kærðs, að þau hafi haft holdlegar samfarir í þetta umrædda skipti, og er því ekki unnt að dæma kærðan föður barnsins, og þar sem ekki er sannað, að kærandi hafi haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins, verða úrslit þessa máls að vera komin undir eiði annarshvors aðilja. Þykir eftir atvikum rétt að láta úrslit þessa máls vera komin undir eiði kæranda, þannig, að vinni hún eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan á tímabilinu frá 14. maí til 30. júní 1937, þá skal hann teljast faðir að barni því, er hún ól þann 12. marz 1938. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfarakostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Camilla Petersen, eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan, Alfred Nielsen, á tímabilinu 14. maí til 30. júní 1937, þá skal hann teljast faðir að barni því, er hún ól þann 12. marz 1938. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfarakostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð eftir úrskurði yfirvalds og kr. 20.00 í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og málskostnaður falli þá niður.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. marz 1940.

Nr. 105/1938. **Gunnar Ólafsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Kristjáni Linnet (Enginn).

Meiðyrðamál.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni P. Kalman hæstaréttarmálflutningsmanni, setudómara í málinu.

Áfrýjandi hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 11. október 1938 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Krefst hann aðallega sýknunar, en til vara, að dæmd sekt verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta í hæstarétti, enda þótt honum hafi verið löglega stefnt.